

Stjórnarfundur nr. 8

12. mars 2015 (frestað frá 25. febrúar) kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Sóley Möller, Herdís Hallarsdóttir, Ragnhildur Gísladóttir, Guðmundur Guðmundsson og Arinbjörn Friðriksson. Brynja Tomer boðaði forföll. Guðmundur fór kl.19.00 til að mæta á ársfund Retrieverdeildar og tók Ragnhildur við sem aðalmaður.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Alþjóðlega sýningin helgina 28. febrúar-1. mars var að þessu sinni haldin í húsnæði við Smáratogi í Kópavog. Sú staða kom upp u.þ.b..tveimur vikum fyrir sýningu að stjórn Fáks vildi ekki leigja okkur í Víðidalnum nema við værum tilbúin að gera við þá langtímasamning. Ég var ekki tilbúin að binda félagið á þeim tímapunkti enda mikil óvissa ennþá með gólfmál. Var því farið á fullt að leita að öðru húsnæði. Á síðustu stundu fengum við leigt á Smáratogi 1300 m² rými, sem var vitað fyrirfram að yrði í minna lagi. Við ákváðum engu að síður að láta reyna á það og sýningin gekk upp án mikilla vandræða, þó vissulega hafi verið þröngt um sumar stærri tegundirnar. Dómararnir fengu allir að vita það fyrirfram að hringirnir yrðu í minna lagi og voru þeir beðnir um að haga hringjum þannig að flestir fengu tækifæri til að hreyfa sig, t.d. með því að láta hundana taka auka hringi o.s.frv. Retriever-, St. Bernards-, Mjóhunda-, Vorsteh-, Boxer-, Unglinga og Terrierdeild sáu um uppsetningu/niðurtöku sýningar ásamt vinnu á sýningu. Eins og oft áður skilaði fólks sér því miður illa frá mörgum deildum og vinnan lenti því að mestu á tveimur deildum; Retriever- og Vorstehdeild, sem stóðu sig með prýði. Frá sýningu hef ég verið í sambandi við tvo aðila, sem báðir hafa sýnt áhuga á að leysa þessi húsnæðismál með okkur og mun ég funda með þeim í næstu viku til að heyra hvað þeir geta boðið okkur.

159 hundar af 25 tegundum voru skoðaðir af Jens Knudsen augnlækni sýningarhelgina. Sjúkdómar sem leiða til ræktunarbanns fundust í sex hundum; fjórum cavalier king charles spaniel og tveimur yorkshire terrier. Annar yorkshire terrier hundurinn var að koma í annað skipti í skoðun og var PRA staðfest en hinn var greindur með grun um PRA. Í framhaldi af umræðu á stjórnarfundum ræddi ég við Jens Knudsen hvort nauðsynlegt væri að láta niðurstöður fyrri augnskoðana fylgja hjá sýktum hundum eins og hefur verið viðhaft. Hann taldi að í alvarlegum sjúkdómum væri það nauðsynlegt, fyrst og fremst svo læknirinn gæti séð hvort einhverjar breytingar hefðu átt sér stað, sem mögulega hefðu áhrif á lífsgæði dýrsins. Í minniháttar augnsjúkdómum væri það hinsvegar ekki jafn nauðsynlegt.

1448 félagsmenn hafa greitt félagsgjald fyrir árið 2015; 1280 greiddu greiðsluseðil í heimabanka og 267 greiddu á skrifstofu.

Varðandi bókhaldsvinnu vegna 2014 þá á enn eftir að stemma af að mestu síðustu tvo síðustu mánuði ársins, en ekki hefur gefist tími vegna meðal annars sýningar að klára það. Vonandi næst að klára þetta um næstu mánaðarmót. Staðan í tölvumálum er óbreytt. Framkvæmdastjóri FKK, sem er ennþá að skoða þessi mál sín megin, var á fundi með tölvudeildinni sinni í lok febrúar. Við bíðum eftir svörum um hvað kom fram á þeim fundi. Reikna má með að ég þurfi að fara til Helskinki í 1-2 daga í mars/apríl til að skoða tölvukerfið.

Ég tók í fóstur 3ja ára tvíbura í byrjun síðasta árs. Samningur um varanlega vistun var gerður um síðustu áramót, sem þýðir að ég á rétt á fæðingarorlofi. Ég hef rætt þau mál við formann félagsins og niðurstaðan okkar var sú að ég mun dreifa orlofinu á þá mánuði sem er rólegast að gera sem er venjulega mánuðinn eftir sýningar. Ég mun þó áfram mæta á stjórnafundi og kíkja á tölvupóstinn minn þó viðvera mín á skrifstofunni verði talsvert minni þá mánuði sem ég er í fríi. Þá mánuði mun Kristlaug (Dóttla) jafnframt bæta við sig klukkustund aukalega á dag til viðbótar við 60% vinnuframlag. Ég veit ekki ennþá hvort og hvernig þetta mun ganga, en fyrsti frímánuðurinn verður aprílmánuður og það er von mín að félagsmenn eigi ekki að finna mikið fyrir þessu nema í lægri launakostnaði fyrir félagið.

2. Bréf frá íslenskum fuglahundadómurum í dómarráði - tölvupóstur 13.08.2014

Egill Bergmann, Svafar Ragnarsson og Henning Þór Aðalmondsson mættu á fundinn kl.18:00. Formaður útskýrði framgang alls þessa máls og tiltók þau mistök sem allir aðilar málsins gerðu á öllum stigum málsins. Formaður bað hlutaðeigandi afsökunar á hlutdeild skrifstofu/stjórnar HRFÍ á þeirra mistökum. Fundarmenn voru sammála því að það væri öllum fyrir bestu, ekki síst félaginu, að menn næðu sáttum í þessu máli. Fundarmenn voru sammála um að við gætum lært af þessum mistökum hvernig vinna á að þessum málum framvegis. Menn fóru sáttir af fundi og var ákveðið að halda áfram þeirri vinnu þar sem frá var horfið síðasta vor.

3. Stefnumörkun

Fyrsti fundur hjá nefnd um samskipti við opinbera aðila verður um helgina. Fjórir af sjö manna hóp mættu á fyrsta fund hjá gagnagrunnsnefnd. Mikil samstaða er í hópnum en beðið er eftir svörum framkvæmdastjóra. Einangrunarnefnd er búin að halda einn fund og stofna facebook grúbbu. Nefnd um starf ræktunardeilda er búin að hittast tvisvar og stofna lokaða facebook grúbbu.

4. Kynningarfundir með stjórnnum ræktunardeilda í apríl

Setja um tillögu að kynningarfundum

5. Erindi frá unglिंगadeild HRFÍ - tölvupóstur 23. janúar

Stjórn Unglिंगadeildar óskar eftir breytingu á 2. grein í 1. kafla í starfsreglum Unglिंगadeildar.

1. Starfssvið Unglिंगadeildar

1. Markmið deildarinnar er að stuðla að góðu starfi meðal unglिंगa og ungmenna innan HRFÍ.
2. Stjórn deildarinnar er skipuð 5 aðilum á aldrinum 12-25 ára. Kosning í stjórn fer fram á ársfundi deildarinnar. Kjörgengi hafa þeir sem skráðir hafa verið í unglिंगadeild HRFÍ í að minnsta kosti 2 ár.

2. grein verður:

2. Stjórn deildarinnar er skipuð fimm aðilum, lágmark tólf ára og eldri. Kosning fer fram á ársfundi deildarinnar. Kjörgengi hafa virkir meðlimir unglिंगadeildar HRFÍ.

Kosningarétt hafa þeir sem eru skráðir í unglingsdeildina. Aðalfund skal halda í mars ár hvert. Stjórn deildarinnar getur skipað í starfsnefndir á hinum ýmsu sviðum deildarinnar. Félagar í unglingsdeild hafa þátttökurétt í því sem deildin býður upp á hverju sinni. Skráning í unglingsdeild fer fram á skrifstofu HRFÍ.

Rökin fyrir þessari breytingu eru að stjórn Unglingsdeildar telur regluna eins og hún er hamlandi fyrir starfssemi deildinnar og telur að stjórn deildarinnar ætti að vera skipuð, a.m.k að hluta til, eldri einstaklingum en verið hefur undanfarin ár.

Samþykkt

6. Erindi frá stjórn fuglahunda- og vorstehdeildar – sent á stjórn HRFÍ 23. febrúar

Stjórn telur ekki rétt að leikmenn skoði hund og gefi út vottorð, sem gildir ævilangt, hvort sem hann hefur hlotið til þess þjálfun eða ekki. Breytingatillaga því ekki samþykkt.

7. Fjár- og hjarðhundadeild – umsókn um deildarsýningu

20. júní á Sunnuhvoli í Ölfusi.

Umsögn sýningarstjórnar HRFÍ – tölvupóstur 20. febrúar:

„Í fyrsta lagi bendum við á að þessi beiðni kom of seint fram (sbr. V. kafla í starfsreglum ræktunardeilda, 1. gr.).

Sýningastjórn finnst jafnframt miður að Fjár og hjarðhundadeild kjósi að vera með sýninguna á sama degi og sýning DIF er og við mælum með að ef stjórn samþykkir þessa sýningu að það sé þá gert með þeim fyrirvara að sýning F&H byrji seinna um daginn eða hreinlega færist til sunnudags, svo sýningarnar skarist ekki á við hvor aðra þar sem það eru aðilar innan félagsins með tegundir sem tilheyra báðum þessum deildum.

Steven D. Gladstone virðist vera sérfræðingur í grúbba 1 og við gerum enga athugasemd við dómarrann sem og virðist okkur að bæði áætlun um fjölda hunda og kostnað vera nokkuð réttar“

Samþykkt með fyrirvara um tímasetningu.

8. Erindi frá Yorkshire terrierdeild – tölvupóstur 9. febrúar

„Varðandi stjórnarfund er við sátum með ykkur, stjórn HRFÍ þann 21 janúar s.l.

Á þeim fundi kom ég, undirrituð, með þá tillögu að ekki yrði tekið fram á eyðublöðum fyrir augnskoðanir niðurstöður fyrri skoðana. Í umræðunni virtust mun fleirri með þeirri tillögu en á móti.

Þar sem hvorki þessi tillaga né umræða var getið í fundargerð, tel ég ástæðu til þess að spurjast fyrir hvort eitthvað hefði verið ákveðið um þessa tillögu mína eftir að við yfirgáfum fundinn.

Bið ég, fyrir hönd minnar sérdeildar, Yorkshire terrier innan HRFÍ, að fá svar fyrir 18 febrúar, þar sem það er síðasti skráningardagur fyrir augnskoðanir hjá félaginu.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

9. Erindi frá dómarráði – tölvupóstur 23. febrúar

Dómarráð mælir með því að stjórn HRFÍ samþykki Daníel Kristinsson sem dómarrann fyrir tegundahóp 7.

Samþykkt

10. Erindi frá Péttri Alan Guðmundssyni – tölvupóstur 23. febrúar.

Frestað

11. Lagabreytingartillaga frá Arnheiði Runólfsdóttur – tölvupóstur 27. febrúar

Lagabreyting:

„Lagt er til að neðangreindar lagagreinar verði felldar niður.

VIII. Hundaskóli HRFÍ

24. Starfrækja skal hundaskóla innan HRFÍ. Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.

25. Skólanefnd skal skipuð þremur fulltrúum, tveim tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Tillaga þess er tilkomin vegna þess að í dag eru nokkrir hundaskólar starfandi og geta hundaeigendur því valið sér skóla eftir því hvaða þjálfunaraðferðir þeir kjósa. Því tel ég að það sé óþarfi að skylda félagið til að reka hefðbundinn hundaskóla. Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að fara fram á að Hundaskóli HRFÍ verði lagður niður heldur að stjórn HRFÍ meti það hvort hún vilji standa fyrir þeim rekstri eður ei.“

12. Lagabreytingartillaga frá nefnd um starf ræktunardeilda HRFÍ – tölvup.27. febr.

„Eru þessar breytingartillögur nefndarinnar gerðar til að skerpa á og gera skýrara orðalag varðandi skráða félagsmenn í deildum sem og að gera opnara fyrir deildir að halda ársfundi sína á lengra tímabili.

Lagabreytingartillaga:

VII. Ræktunardeildir

Var: 20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.

Yrði: 20. Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild eða þeir sem **síðastliðin tvö ár fyrir ársfundinn hafa verið skráðir eigendur hunda í deildinni. Jafnframt skulu þeir hafa greitt félagsgjald fyrir það ár** sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort sem þau greiða félagsgjald sem hjón eða hvort í sínu lagi, svo framarlega sem annað þeirra er skráður eigandi hunds í deildinni.

Skýring: Í dag er möguleiki að lesa út úr greininni að nægilegt sé að hafa átt hund í tvö ár í deildinni til að hafa kjörgengi og kosningarétt ekki síðastliðin tvö ár. Með breytingartillögunni er skorið úr um þetta.

Var: 22. Ræktunardeildir skulu halda ársfundi sína í mars á hverju ári og skila ársskýrslu sinni og öðrum upplýsingum sem félagsstjórn kann að óska eftir fyrir marslok ár hvert.

Yrði: 22. Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu **1. janúar til 31. mars á hverju ári og skila stjórn HRFÍ ársskýrslu sinni, ársuppgjöri, lista yfir stjórnarmenn deildarinnar og öðrum upplýsingum sem stjórn félagsins kann að óska. Skulu gögn þessi send fyrir 15. apríl ár hvert. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá þessari reglu.**

Skýring: Þessi lenging á tímabili fyrir ársfundi auðveldar stjórnnum deilda sitt starf með lengra tímabili og dreifir álagi á skrifstofu og stjórn varðandi skil á ársskýrslum, uppgöri oþh.

Verði þessar breytingar samþykktar á aðalfundi HRFÍ þarf að breyta reglugerðum til samræmis.“

13. Lagabreytingartillaga frá Guðbjörgu Guðmundsdóttur – tölvupóstur 28. febrúar Lagabreytingartillaga:

„Greinin eins og hún er nú í lögum félagsins:

IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins. 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Tillaga min er :

IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. **Hver sem kjörinn er til setu í stjórn, hvort sem er formaður eða stjórnarmeðlimur skal eigi sitja lengur en 3 kjörtímabil eða 6 ár í senn. Endurframboð er leyfilegt þegar stjórnarmeðlimur hefur verið utan stjórnar í 2 ár.** Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins. 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Breytingartillagan er feitletruð í tillögu minni. Rökstuðningur : Eðli lifandi félagasamtaka ætti að vera að endurspegla skoðanir sem allra flestra sem í þeim eru. Ef sama fólkíð situr við stjórnvölinn of lengi fara starfshættir félagsins að endurspegla einungis skoðanir þeirra sem eru í stjórn, því ber að leitast við að áherslur og skoðanir sem flestra félagsmanna séu endurspeglaðar í starfi félagsins. Með því að takmarka setu tíma hvers einstaklings í stjórn á hverjum tíma má gera ráð fyrir því að skoðanir og viðhorf sem flestra félagsmanna sé endurspegluð í störfum félagsins.“

14. Bréf frá Alexöndru Eypórsdóttur – tölvupóstur 2. mars.

Formaður bað framkvæmdastjóra að boða fulltrúa stjórnar deildarinnar á fund og heyra þeirra hlið málsins.

Þrír fulltrúar frá siberian huskydeild mættu á fund kl.17.30, Ólöf Gyða Risten, Stefán Arnarson og Erla Vilhelmlína Vignisdóttir. Farið var yfir bréfið með stjórnarmönnum deildarinnar. Stjórn siberian huskydeildar hefur boðað til nýs aðalfundar deildarinnar þann 20.mars nk.

15. Framboðsfrestur til stjórnarkjörs

Neðangreind tilkynning var sett á vefsíðu HRFÍ þann 4. mars sl.:

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars nk.

Úr lögum HRFÍ:

IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðendum skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Á næsta aðalfundi verður kosið um:

Formann

Tvö meðstjórnendur (aðalmenn)

Einn varamann

Jóna Th. Viðarsdóttir tilkynnti að hún gefi ekki kost á sér í endurkjöri til formanns en mundi styðja framboð Herdísar Hallmarsdóttur. Arninbjörn Friðriksson tilkynnti einnig að hann gefi ekki kost á sér í endurkjöri í aðalstjórn. Herdís Hallmarsdóttir tilkynnti um framboð sitt í formannskjöri á næsta aðalfundi. Ekki er vitað hvað Brynja Tomer ætlar sér að gera, en hún gengur úr varastjórn.

16. Grein í Fréttablaðinu 6. mars

<http://www.visir.is/opid-bref-til-stjornar-straeto-bs---flutningur-gaeludyra/article/2015703069985>

Frestað.

17. Önnur mál

Boða til fulltrúaráðsfundar 31. mars kl.20:00

Fundi slitið kl.19:30

Næsti stjórnarfundur 31. mars kl.17:00